

**Stofnana samningur
milli Einingar-Iðju og Heilbrigðisstofnunar Fjallabyggðar
um forsendur röðunar starfa við stofnunina gildir frá 1. mars 2014.**

**Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars végar og SGS, hins végar, dags. 1. apríl 2014**

Samningurinn Gildissvið

Stofnana samningur þessi nær til allra félagsmanna í Einingar-Iðju sem starfa á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar og njóta ráðningarkjara samkvæmt kjarasamningi SGS, sbr. grein 11.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars végar og SGS hins végar, dags. 1. apríl 2014.

1 Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið:

- að launakerfið verði sveigjanlegt og ákvarðanir um launaráðun séu teknar með málfnalegum hætti og stuðli að jöfnun launa fyrir sambærileg störf án tillits til kynferðis,
- að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar,
- að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir framgang í starfi,
- að launakerfið opni fyrir þann möguleika að starfsmenn geti samið um að fastar greiðslur sem ekki eru hluti af grunnlaunum séu teknar inn í föst laun.

2 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

Grunnröðun starfa til launa er eftirfarandi frá 1. 03. 2013:

L.fl 1.03.14

Starfsmaður A	____	8
Starfsmaður B	____	9
Starfsmaður C	____	10
Starfsmaður D	____	11
Starfsmaður E	____	12-13
Starfsmaður F	____	19

Fylgiskjal 1 og 2 fylgja með samningi þessum.

Til viðbótar við grunnröðun skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 5 hér á eftir auk þess sem aðrir þættir geta haft áhrif á röðun starfa til launa sbr. gr. 4.

P.B. JGB
LB

3 Annað sem áhrif getur haft á röðun starfa til launa

Heimilt er að meta til viðbótar við röðun starfsheita samkvæmt gr. 3 eftirfarandi þætti, enda hafi ekki verið tekið tillit til þess í grunnröðun.

- Hvort starfið sé umfangsmikið/fjölpætt 0-1
- Hvort starfið feli í sér sérstaka ábyrgð 0-1
- Hvort starið feli í sér flókin eða vandasöm verkefni 0-1
- Hvort krafist sé sérstakrar hæfni umfram það sem almennt gerist 0-1

Ennfremur er heimilt að taka mið að öðrum þáttum í starfi sem skipta máli fyrir deild/stofnun.

4 Mat á þáttum er varða starfsmann

Starfsmaður sem uppfyllir eftirfarandi þætti skal fá þá metna til allt að: 7 lf.

Vægi einstakra þátta:

Formleg menntun og endur- og símenntun umfram grunnkröfur starfs allt að 2 lf.

Eins til þriggja ára skipulegt nám sem nýtist í starfi.....	1
Starfsmaður A-B sem sótt hefur 40 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi	1
Starfsmaður A-B sem sótt hefur 80 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi	1

Starfsmaður sem uppfyllir eftirfarandi þætti skal fá þá metna til allt að: 3 lf.

Eins til þriggja ára skipulegt nám sem nýtist í starfi.....	1
Starfsmaður C-E sem sótt hefur 50 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi	1
Starfsmaður C-E sem sótt hefur 120 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi	1
Starfsmaður C-E sem sótt hefur 160 kennslustunda námskeið sem nýtist í starfi	1

Félagsliðar eiga rétt á allt að tveimur launaflokkum vegna símenntunar sem nýtist í starfi 2 árum eftir að þeir hafa lokið félagsliðanáminu

Starfsreynsla.....	5. lf.
Starfsmaður með eins árs starfsreynslu hjá Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar eða í sambærilegu starfi	1
Starfsmaður með fimm ára starfsreynslu hjá Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar eða í sambærilegu starfi	1
Starfsmaður með 9 ára starfsreynslu hjá Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar eða í sambærilegu starfi	1
Starfsmaður með 12 ára starfsreynslu hjá Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar eða í sambærilegu starfi	1
Starfsmaður með 18 ára starfsreynslu hjá Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar eða í sambærilegu starfi	1

Starfsreynsla .Félagsliða..... 3. lf.

Starfsreynsla eftir 1 ár frá námi.....	1
Starfsreynsla eftir 5 ár frá námi.....	1
Starfsreynsla eftir 7 ár frá námi.....	1

Samstarfsnefnd setur nánari reglur um mat á viðbótarmenntun og skilyrði fyrir launahækkunum vegna viðbótarmenntunar og ákvæða um lífaldur.

BSB
—
LFB

6 Réttur til endurmats á röðun starfs

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. gr. 11.3

7 Önnur ákvæði

Þegar starfsmenn sinna hreingerningum umfram það sem gert er ráð fyrir í starfslýsingum, skal greiða fyrir það með a.m.k. 33.33% álagi sé verkið framkvæmt á hefðbundnum vinnutíma starfsmanns. Fari hreingernig fram á aukavakt skal greiða yfirvinnu í samræmi við kjarasamning

8 Endurskoðun


Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11 kafla kjarasamnings SGS og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

Siglufjörður 13. maí 2014

f.h. Heilbrigðisstofnunar Fjallabyggðar



f.h. Einingar-Iðju



Júlia Birma

Fylgiskjal 1

Starfaflokkun á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar með tilliti til launaröðunar.

Starfsmaður A

- Almenn störf við ræstingu og í eldhúsi.

Starfsmaður B

- Almenn störf við ræstingu og í eldhúsi eftir 1 árs starf hjá HSF eða 40 ára lífaldur.

Starfsmaður C

- Störf við aðhlynningu eða umönnun.

Starfsmaður D

- Störf við aðhlynningu eða umönnun eftir 1 árs starf hjá HSF
- eða 40 ára lífaldur.

Starfsmaður E

- Sérhæfð og/eða fjölbreytt störf sem fela í sér sérstaka ábyrgð samkvæmt nánari skilgreiningu stofnunar.

Starfsmaður F

- Félagsliði.

BB
BB
BB

Fylgiskjal 2 við stofnanasamning milli Einingar-Iðju og Heilbrigðisstofnunar Fjallabyggðar

Hvernig skal meta nám samkvæmt 5. gr. samningsins:

Þegar gengið er frá ráðningarsamningi skal gera starfsmönnum grein fyrir því að þeir eigi e.t.v. kost á launahækkun vegna fyrri starfa, námskeiða eða formlegs náms, sem nýtist í starfi og skulu þeir leggja fram gögn vegna mats innan þriggja mánaða frá ráðningu.

Formlegt nám.

Starfsmaður sem lokið hefur stúdentsprófi eða einhverju skemmta námi, þó ekki styrra en tveggja anna námi, s.s. gömlu húsmæðraskólanir(vegna starfa í eldhúsi), matreiðsluskólar, eða annað nám, sem samkvæmt innihaldslýsingu getur nýst í starfi, skal fá 1 launaflokk. Til að iðnnám sé metið, þarf viðkomandi að hafa unnið í faginu í fimm ár og það þarf að gefa reynslu í mannlegum samskiptum. Leggja þarf fram prófskýrteini og innihaldslýsingar á námi sem meta á.

Við mat kennslustunda námskeiðum sem skila einum launaflokki hvert þrep, skal meta öll námskeið sem haldin eru af stéttarféluginu og stofnuninni og sérstaklega eru ætluð starfsmönnum heilbrigðisstofnunarinnar. Einnig skal meta önnur námskeið, s.s. umönnunar og/eða námskeið í mannlegum samskiptum, ræsti- og hreinlætisnámskeið, matreiðslu eða matvælanámskeið sem ekki hefur verið metið áður og starfsmaður getur lagt fram staðfestingu á að hafa sótt, til viðbótar því sem þegar er skráð á einstaklinginn hjá stofnuninni.

Við mat á einstökum þáttum skal taka tillit til eðlilegs vægis í heildarfjölda tíma, eins og td. ef um er að ræða tölvunámskeið, skulu þau geta talið að hámarki 10 stundir til að ná 40/50 eða 80/120 stunda markinu og 20 stundir vegna 160 stunda marksins.

Námskeið sem sótt eru á eigin vegum skulu ekki geta talið meira en 20% af hverri viðmiðunartölum. Tómstundanámskeið telja ekki vegna uppfyllingar á námskeiðsstundum nema að hægt sé að færa gild rök fyrir því að þau nýtist í starfi.

Starfsmaður sem ráðinn er til lengri tíma en þriggja mánaða og hefur náð 40 ára lífaldri skal fá lífaldur metinn þannig að hann raðist sem starfsmaður B í eldhúsi og ræstingu en sem starfsmaður D við umönnun.

B1
B2
B3